



Spáum 1,6% ársverðbólgu í október

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs föstudaginn 27. október. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,20% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 1,4% í 1,6%.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,14% milli mánaða í september. Það var minni hækkun en við bjuggumst við, en við spáðum 0,29% hækkun. Munurinn skýrist aðallega af því að matur og drykkjarvara lækkaði töluvert mikið eða um 1,3% milli mánaða. Sú lækkun var óvænt í ljósi þeirrar gengisveikingar sem orðið hafði síðustu mánuði á undan en gera má ráð fyrir að tilkoma Costco hafi þar haft töluverð áhrif.

Spá okkar þennan mánuð er nokkuð sérstök að því leyti að enginn einn liður hefur veruleg áhrif til lækkunar eða hækkunar.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Það sem af er ári hefur **reiknuð húsaleiga** að meðaltali hækkað um 1,6% milli mánaða. Út frá könnun okkar á verðsjá fasteigna gerum við ráð fyrir að þessi liður muni einungis hækka um 0,2% milli mánaða nú. Fara þarf aftur til mars 2016 til að sjá minni hækkun milli mánaða.
- Gengisbreytingar eiga það til að koma fram með nokkru meiri töf í **húsgögnum og heimilisbúnaði** en í flestum öðrum vörum. Auk þess er viss árstíðarsveifla í þessum lið á þá leið að hann á það til að hækka í október.
- Við gerum ráð fyrir að áframhald verði á lækkun í **pósti og síma**, aðallega vegna farsíma- og internetþjónustu.


Spá okkar um breytingu milli mánaða í október er 0,1 prósentustígu lægri en í september. Við lækkum spá okkar um reiknaða húsaleigu, flugfargjöld til útlanda, og póst og síma.

Gerum ráð fyrir 1,7% ársverðbólgu í janúar:

- **Nóvember: -0,1%**
Matur og drykkjarvörur og flugfargjöld til útlanda lækka.

| | Vægi í VNV | Spá | |
|------------------------------|------------|--------|--------|
| | | Breyt. | Áhrif |
| Húsgögn og heimilisb. | 3,8% | 1,09% | 0,04% |
| Reiknuð húsaleiga | 20,4% | 0,20% | 0,04% |
| Aðrar vörur og þjónusta | 6,1% | 0,60% | 0,04% |
| Húsn. án reikn. húsaleigu | 13,8% | 0,15% | 0,02% |
| Kaup ökutækja | 7,0% | 0,29% | 0,02% |
| Ferðir og flutningar - annað | 4,4% | 0,43% | 0,02% |
| Bensín | 1,8% | 1,00% | 0,02% |
| Matur og drykkjarv. | 13,1% | 0,12% | 0,02% |
| Heilsa | 3,9% | 0,38% | 0,01% |
| Flugfargjöld til útlanda | 1,1% | 1,14% | 0,01% |
| Tómst. og menning | 9,8% | 0,12% | 0,01% |
| Föt og skór | 3,6% | 0,28% | 0,01% |
| Hótel og veitingast. | 5,1% | 0,02% | 0,00% |
| Menntun | 0,9% | 0,00% | 0,00% |
| Áfengi og tóbak | 2,8% | -0,17% | 0,00% |
| Póstur og sími | 2,3% | -2,71% | -0,06% |
| | 100,0% | | 0,20% |

Mánaðarbreyting VNV í október



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.




- **Desember: +0,3%**
Árstíðabundin hækkun á flugfargjöldum til útlanda.
- **Janúar 2018: -0,5%**
Janúarútsölur á annars vegar fötum og skóm og hins vegar á húsgögnum og heimilisbúnaði.

Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 1,7% í janúar 2018. Með þessu lækkar spá okkar um ársverðbólgu næstu mánuði nokkuð.

Töluverð óvissa um verðbólguþróunina um þessar mundir

Töluverð óvissa ríkir um verðbólguþróunina um þessar mundir. Það er alveg ljóst að innkoma Costco inn á íslenskan neytendamarkað hefur nú þegar haft töluvert mikil áhrif á verðlag ýmissa vara en óljóst er að hversu miklu leyti þau eru komin fram og hversu mikil þau verði litið fram á veginn. Í þessu sambandi má benda á að innkoma Costco hefur leitt til þess að margir aðrir smásalar hafa náð betri samningum við sína birgja. Þessu til viðbótar eru vísbendingar um að gengisbreytingar krónunnar séu ekki að skila sér með sama hætti inn í verðlag eins og verið hefur raunin á síðustu árum. Þannig virðast kaupmenn tregari til að hækka verð hjá sér í kjölfar gengisveikingar. Þar kann að skipta máli að verðbólguvæntingar eru nú um stundir lægri en þær hafa áður verið hér á landi.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.